

um nöfn á mönnum, stöðum, hlutum o. fl. Hin algengustu orð eru svo misprentuð og svo margendurteknar villurnar, að öll hætta er á, að vitleysan komi í staðinn fyrir hið rétta, og festist í málinu. Með sama áframhaldi mundi eftir ekki mjög mörg ár tungan vera orðin svo breytt, að þörf yrði nýrra orðabóka yfir það samsafn af orðskrípum, sem útrýmt hefði því, sem enn er íslenskt mál. Hættan, sem af þessu stendur, er ekki smá. Íslensk menning gæti rétt við, jafnvel þó að eitthvert stórveldi fengi á leigu, eða tæki til afnota án þess að spyrja leyfis, einhvern íslenskan fjörð. Það þyrfti heldur ekki að vera íslenskri menningu til fullkomins niðurfalls, jafnvel þó að sú vá, sem nú er fyrir dyrum, reyndist svo alvarleg, að til meiðinga leiddi og manndrápa. En ef íslensk tunga líður undir lok, og slitnar með því sambandið við það sem best hefir verið í fortíð þjóðarinnar, þá má segja það fyrir með vissu, að ekki verður framár viðreisnar von.

21. nóv. 1946.

8. *Íslensk síld og íslensk snilld*

Þegar ég frétti um þessa skáldkonu einhversstaðar í Suður-Ameríku, sem hlotið hafði þessa árs rithöfundarverðlaun Nobels, þá kom mér í hug, sem oftast, að mikill er munurinn á því, hvað Svíar kunna betur að meta íslenska síld en íslenska snilld (og má þó ekki skilja þetta svo sem ég vilji halda því fram, að ekki komi nein tegund af snilld til greina, þar sem síldin er annarsvegar). En það er óneitanlega eftirtektarvert, að aldrei skuli verðlaun úr Nobelssjóði hafa verið veitt hingað til Íslands. Er þetta því meiri furða, sem höfðingsskapur er sænskt þjóðareinkenni á sérstaklega háu stigi, en það er síst höfðingsskapur að vera gleyminn á velgjörðir.

Sænskar bókmenntir eiga íslenskri bókmenntasníld mikið að þakka, og þarf þar ekki annað en minna á Esaias Tegnér, eitt hið ágætasta skáld þeirrar þjóðar, og kvæði hans um Friðþjóf og Ingibjörgu, sem ort er eftir íslenskri sögu, eins og allir vita, og er eitt það skáldrit sænskt, sem frægast er og víðast hefir farið.

Fróðlega, gagnlega og einnig skemmtilega bók mætti skrifa um þá með ólíkindum stórkostlegu þýðingu, sem íslensk bókmenntasníld hefir haft, eigi einungis fyrir Svíþjóð, heldur Norðurlöndin öll, og þó fleiri. Nægir til að minna á það, að nefna ýmis helstu höfuðskáld Norðurlanda, svo sem Tegnér, Oehlenschläger, Grundtvig, Björnsson, Ibsen og enn fleiri. Og þá er ekki síður ástæða til að nefna helstu sagnfræðihöfunda Norðurlanda, eins og Munch, Ernst Sars, Geijer, Steenstrup og vitanlega ýmsa aðra.

Það eru engar ýkjur þó að sagt sé, að íslensk áhrif á menningu Norðurlanda hafa verið ótrúlega mikil, og ekki síst þegar þess er gætt, hve fámenn þjóðin hefir verið og ástæður erfiðar. En að þetta hefir ekki að verðleikum metið verið, má af ýmsu marka mjög greinilega, eins og t. d. því, hversu ónóga og ófullkomna aðhlynningu íslenskir námsmenn hafa hlotið í Kaupmannahöfn, og þá einnig þessu, að þeir sem Nobelsverðlaunin veita, skuli aldrei hafa munað eftir Íslandi, og þó litast svo vandlega um, og seilst svo langt eftir sumum verðlaunaþegunum, að nálega mætti ætla, að veitendunum hefði verið það áhugamál, að íslenskir menn væru settir hjá. Sú viðbára, að engir menn íslenskir hafi verið þessa heiðurs maklegir, stoðar ekki, því að hitt er heldur, að þar hefðu margir getað komið til greina. Munu mörgum koma til hugar ýmis nöfn þeirra manna, sem nú eru uppi, en ég læt nægja að nefna þá sem dánir eru, Gröndal, Steingrím og Matthías, þau þrjú þjóðskáld 19. aldarinnar, sem svo háum aldri náðu, að þessi heiðursveiting frá Svíþjóð hefði getað varpað verðskulduðum ljóma á ævikvöld þeirra.

Jan. 1946.

9. Aldaskiptin sem orðin eru og þau sem þurfa að verða

I

Að því er margir virðast ætla, þá eru aldaskiptin, sem svo margt hefir verið ritað um, nú þegar um garð gengin og hin nýja öld hafin. Framfarir í eðlisfræði (Fýsik) eru það sem aldaskiptunum hafa valdið, og hin nýja öld er kennd við kjarnorkuna eða jafnvel kjarnorkusprengjuna. Að þessu